

Alþingi  
Erindi nr. P 139/969  
komudagur 14.12.2010

**From:** Sigríður Dögg Geirsdóttir [mailto:Sigríður.Dögg.Geirsdóttir@kirkjan.is]  
**Sent:** 14. desember 2010 11:12  
**To:** Eiríkur Áki Eggertsson  
**Subject:** 200. mál - Athugasemd við 25. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum um breyting á lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar  
**Importance:** High

Óskað er eftir breytingu á 25. grein frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum þannig að annar málslíður falli brott sem hljóðar svo: *Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga til sambærilegra ríkisstofnana innan ársins skal endurskoða framlag til þjóðkirkjunnar með sama hætti.*

Ofangreindur málslíður í frumvarpinu er í ósamræmi við þann viðaukasamning um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu sem var undirritaður 3. nóvember sl. af biskupi Íslands, dómsmála- og mannréttindaráðherra og fjármálaráðherra. Hjálagaður er viðaukasamningurinn.

Virðingarfyllt,  
f.h. kirkjuráðs

Sigríður Dögg Geirsdóttir  
fjármálastjóri Biskupsstofu

|               |         |
|---------------|---------|
| Biskupsstofa  |         |
| Bl. 230       | Abm. 23 |
| BS-           | Fylg.   |
| 08. NOV. 2010 |         |
| Innk:         |         |

### Viðaukasamningur

um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. 60. gr. laga nr. 78/1997.

#### 1. gr.

Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og ríkissjóður er rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná árangri í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að grípa til margbættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins.

Í þessu skyni fellst Þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfir ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2011 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

Skerðing á umsömdum framlögum til Þjóðkirkjunnar á fjárlagaliðnum 06-701 Þjóðkirkjan/Biskup Íslands á árinu 2011 er 7.5% miðað við fjárlög 2010 eða 100 milljónir króna. Niðurskurður 2010 var 160 milljónir króna. Niðurskurður 2011 verður því samtals 260 milljónir króna miðað við fjárlög 2009. kr.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir að aðilar samkomulagsins líti á framangreint samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra, vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, eru aðilar sammála um að ofangreind skerðing á framlagi ríkisins vegna launagreiðsina samkvæmt 3. gr. samkomulagsins, leiði ekki til riftunar kirkjujarðasamkomulagsins.


#### 3. gr.


Samkomulag þetta leiðir einnig til þess að hagræðingarkrafa er gerð gagnvart Kristnisjóði á árinu 2011 um 5,9 millj. kr. miðað við fjárlög 2010 umfram þá lækkun sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hefur tekið. Niðurskurður árið 2010 var 9 milljónir kr. Niðurskurður 2011 verður því samtals 14,9 milljónir kr. miðað við fjárlög 2009.

#### 4. gr.

Samkomulagi þessu sem gert er með fyrirvara um samþykki kirkjupings og Alþingis er ætlað að gilda fyrir árið 2011.

3. nóvember 2010.

  
Biskup Íslands

  
dómsmála- og mannréttindaráðherra fjármálaráðherra



27/10

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hjalti Zóphóníasson

hjalti.zophoniasson@dkm.is

Ragnhildur Benediktóttir.

Biskupsstofan

Laugavegi 31

R.

allst kveðja

Stúlk